

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 57/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2008 frá 14. mars 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1445/2007 frá 11. desember 2007 um sameiginlegar reglur um veitingu grunnupplýsinga um jafnvirðisgengi og útreikning og miðlun á því ⁽²⁾.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19x (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007) í XXI. viðauka við samninginn:

„19y. **32007 R 1445**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1445/2007 frá 11. desember 2007 um sameiginlegar reglur um veitingu grunnupplýsinga um jafnvirðisgengi og útreikning og miðlun á því (Stjtið. ESB L 336, 20.12.2007, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Þessi reglugerð tekur ekki til Liechtensteins.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1445/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB [L 182, 10.7.2008, bls. 40](#), og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 336, 20.12.2007, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.